

Fundargerð

Íþróttá- og tómstundanevnd - 245. fundur

haldinn í Krosseyri, Linnetsstíg 3,
29. March 2017 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir aðalmaður
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi

Fundargerð ritaði: Geir Bjarnason, .

Fulltrúi Ungmennaráðs Hafnarfjarðar Eva Rut Reynisdóttir sat fundinn

Dagskrá:

1. 1601218 - Opnunartími sundlauga

Aðalsteinn Hrafnkellsson forstöðumaður sundstaða fór yfir nokkrar útfærslur varðandi aukna opnun sundstaða. Einnig kynnti hann áætlað kostnað Hafnarfjarðarbæjar ef mismunandi aldurshópum barna yrði hleypt frítt á sundstaði bæjarins.

Íþróttá- og tómstundanevnd tekur vel í tillögur að endurskoða opnunartíma sundlauga og aðgengi fyrir börn eins og lagt er til í heilsustefnu Hafnarfjarðarbæjar.

Lagt er til að fræðsluráð skoði að:

Opna sundlaugar á rauðum dögum eins og tillaga Aðalsteins sýnir árið 2017. Byrja að lengja opnunartíma Suðurbæjarlaugar yfir sumartímann Yngri en 10 ára fái frítt í sund í Hafnarfirði Að auka opnun frá og með 1. september í sundlaugum Hafnarfjarðar eins og tillaga 1 fjallar um í Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug.

2. 1702140 - Sumarvinna, vinnuskóli 2017

Farið yfir hver staðan er varðandi sumarvinnu hjá Hafnarfjarðarbæ fyrir 16 ára og eldri. Um 160 umsóknir bárust á auglýstum umsóknartíma. Ákveðið var að framlengja umsóknarfrest til 10. apríl.

Fulltrúi Samfylkingar vék af fundi kl. 8:50

3. 1703339 - Heimsókn til íþróttá- og tómstundafélaga

Næsti fundur nefndarinnar verður heimsókn til íþróttá- og tómstundafélaga og stefnt er að því að heimsækja Sörla, Þyt og Hraunbúa þriðjudaginn 11. apríl milli 16:00 og 18:00.

4. 1509776 - Ungmennaráð, fundargerð

Eva fór yfir síðustu fundargerð Ungmennaráðs.

**5. 1703372 - Ósk um nýjan rekstrarsamning og stuðning
Hafnarfjarðarbæjar vegna framkvæmda**

Fram hefur komið beiðni frá fulltrúa Kvartmíluklúbbsins um að endurskoða rekstrarsamning við Hafnarfjarðarbæ. Einnig er lagt fram skriflegt erindi dagsett 23. mars frá Kvartmíluklúbbum þar sem er óskað eftir stuðningi Hafnarfjarðarbæjar vegna framkvæmda við lagningu hringakstursbrautar og frágang öryggisvæða umhverfis akstursbrautir félagsins.

Nefndin tekur vel í erindið og vísar því um stuðning vegna framkvæmda til Umhverfis- og skipulagsþjónustu til skoðunar fyrir næstu fjárhagsáætlunar.

6. 1703250 - Niðurgreiðslur þáttökugjalda 2014 til 2016

Kynnt samantekt úr bókhaldi Hafnarfjarðarbæjar sem sýnir hvaða upphæðir hafa runnið til íþróttá- og tómstundafélaga í gegnum niðurgreiðslur þáttökugjalda vegna íþróttá- og tómstundastyrks Hafnarfjarðar til barna og foreldra.

7. 1703251 - Ársuppgjör aðildafélaga ÍBH 2015

Fulltrúi ÍBH fór yfir uppgjör aðildafélaga þess fyrir árið 2015.

Elísabetu er þakkað fyrir greinagóðar upplýsingar og skýrslan er afar mikilvæg heimild um umfang og vinsældir íþróttá í Hafnarfirði

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30.

Karólína Helga Símonardóttir
(n)
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir
(n)

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir
(sign)
Elísabet Ólafsdóttir (sign)

245. fundur Íþróttá- og tómstundanevndar
29.03.2017